

Nd.

86. Frumvarp til laga

[74. mál]

um heimild til verðstöðvunar.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að eigi megi hækka verð á neinum vörum frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi, nema með samþykki hlutaðeigandi yfirvalda, og megi þau þá eigi leyfa neina hækkun á vöruverði, nema þau telji hana óhjákvæmilega, svo sem vegna hækkunar á tollverði innfluttrar vöru. Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að ákveða, að eigi megi hækka hundraðshluta álagningar á vörum í heildsölu og smásölu frá því, sem var, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi. Sama gildir um umboðslaun vegna vörusölu og um hvers konar álagningu, sem ákveðin er sem hundraðshluti á selda vinnu eða þjónustu.

Fyrirmæli fyrri málsgr. þessarar gr. taka á hliðstæðan hátt til seldrar þjónustu í hvaða formi sem hún er, þar á meðal til hvers konar þjónustu, sem ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra, svo og aðrir opinberir aðilar, láta í té gegn gjaldi.

2. gr.

Nú hefur á tímabilinu frá því að frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi og þar til þau öðluðust gildi verið ákveðin verðhækkun á vöru eða seldri þjónustu, sem fer í bág við ákvörðun ríkisstjórnarinnar á grundvelli heimildar samkvæmt 1. gr., og er þá slík verðhækkun ógild, og hlutaðeigandi seljandi er skyldur að lækka verðið í það, sem var á þeim tíma, er frumvarp til þessara laga var lagt fyrir Alþingi.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að álagningarstigir útsvara og aðstöðugjalds samkvæmt lögum nr. 51/1964, með síðari breytingum, megi eigi hækka frá því, sem ákveðið var í hverju sveitarfélagi 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun álagningarstiga þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi sveitarfélags.

Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að öll opinber gjöld, önnur en þau, er um ræðir í síðari málsgr. 1. gr. og í lögum nr. 51/1964, megi eigi hækka frá því, sem var á árinu 1966, nema með samþykki ríkisstjórnarinnar. Skal hækkun á slíku gjaldi þá eigi leyfð, nema ríkisstjórnin telji hana óhjákvæmilega vegna fjárhagsafkomu hlutaðeigandi aðila.

4. gr.

Með brot út af lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála, og varða brot sektum.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 31. október 1967.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á undanförnum mánuðum hefur hin mikla verðhækkun, sem orðið hafði á útflutningsafurðum landsins á tveimur síðastliðnum árum, snúizt í verðlækkun á mörgum þýðingarmestu afurðunum. Að svo komnu máli er ekkert hægt um það að fullyrða, hversu mikil þessi verðlækkun muni verða, né hversu lengi hún muni standa. Hækkun afurðaverðs erlendis á undanförunum árum hefur skapað svigrúm fyrir þeim miklu launahækkunum, sem átt hafa sér stað. Á hliðstæðan hátt er það

brýn nauðsyn vegna verðfallsins, að ekki eigi sér stað frekari hækkun framleiðslu-
kostnaðar hjá útflutningsatvinnuvegunum. Það er skilyrði þess, að svo megi verða,
að frekari hækkunir verðlags séu nú stöðvaðar. Í þessu skyni ákvað ríkisstjórnin að
greiða niður hækkun þá á búvöruverði, sem ella hefði orðið í septembermánuði
síðastliðnum, og hefur hún síðan gert ráðstafanir til lækkunar á vísitölu fram-
færslukostnaðar niður í það, sem hún var 1. ágúst s. l., annars vegar með frekari
aukningu niðurgreiðslna í síðasta mánuði, og hins vegar með því að hækka fjöl-
skyldubætur frá og með 1. nóvember s. l., svo sem lög heimila. Þessar ráðstafanir
geta þó ekki komið að haldi, nema unnt sé að koma á almennri verðstöðvun, og
miðar frumvarp þetta að því, að svo megi verða. Beiting þeirra heimilda, sem ríkis-
stjórninni á að veita samkvæmt frumvarpinu, byggist á þeirri forsendu, að eigi
verði kauphækkunir, er geri verðstöðvun óframkvæmanlega.

Um 1. gr.

Hér er lagt til, að ríkisstjórnin fái, á verðstöðvunartímabili til 31. október 1967,
heimild til að ákveða, að verðhækkun á öllum vörum og á seldri þjónustu í hvaða
formi sem hún er, megi ekki eiga sér stað, nema með samþykki hlutaðeigandi
yfirvalda, og að þau megi þá ekki leyfa aðra verðhækkun en þá, sem þau telja
óhjákvæmilega, t. d. vegna verðhækkana erlendis frá.

Yfirvöld þau, er mega, ef til kemur, leyfa óhjákvæmilegar verðhækkunir sam-
kvæmt þessari gr., eru hin sömu og nú fara með verðlagsáskvarðanir, hvert á sínu
sviði, þ. e. Verðlagsnefnd, samkvæmt lögum nr. 54/1960, Sexmanna nefnd, er ákveð-
ur verð búvöru samkvæmt lögum nr. 55/1966, um breyting á framleiðsluráðslögum
nr. 59/1960. Loks eru nokkrar verðlagsáskvarðanir lögum samkvæmt í höndum ein-
stakra ráðuneyta.

Um 2. gr.

Ef til kemur, er gert ráð fyrir, að hið almenna verðhækkunarbann gildi þegar
frá þeim degi, er frv. þetta var lagt fyrir Alþingi. Augljóst er, að verðhækkunir,
er ættu sér stað frá framlagningardegi frv. og þar til það yrði að lögum, mundi
torvelda og jafnvel hindra framgang þeirra ráðstafana, er felast í frv.

Um 3. gr.

Með hliðsjón af því, hve viðtæk ákvæði 1. gr. frv. eru, þykir rétt og sanngjarnt,
að álagningarstigur tekjuútsvars, eignarútsvars og aðstöðugjalds hækki ekki, ef til
kemur, frá því, sem er 1966, nema sérstakt samþykki ríkisstjórnarinnar komi til.
Getur orðið óhjákvæmilegt að veita slíkar undanþágur, eftir mati hverju sinni. Eru
um þetta ákvæði í fyrri málsgr. 3. gr., og í síðari málsgr. hennar eru samsvarandi
ákvæði um önnur opinber gjöld.

Um 4. og 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.